

Aðalfundur Samtaka Náttúrustofa (SNS), haldinn í Kórnum í Kópavogi 25.09.2012, kl. 13-16.

Mættir voru forstöðumenn allra náttúrustofanna: Jón Ágúst Jónsson NA, Þorleifur Eiríksson NAVE, Ingvar A. Sigurðsson NS, Róbert A. Stefánsson NSV, Þorsteinn Sæmundsson NNV, Gunnar Þór Hallgrímsson NR og Þorkell Lindberg Þórarinsson NNA. Einnig mættu fulltrúar frá Náttúrustofu sem fyrirhugað er að stofna á Höfn, Hornafirði á næsta ári: Hjalti Þór Vignisson, bæjarstjóri Höfn og Þorvarður Árnason, forstöðumaður Háskólasetursins á Hornafirði.

Þorsteinn Sæmundsson, formaður SNS, setur fund og kynnir dagskrá. Hafnarmenn boðnir velkomnir.

1 Umsókn um inngöngu í SNS. ÞS les upp bréf frá Hjálta bæjarstjóra. Aðeins rætt um nafn á stofunni og aðdraganda stofnunar. Innganga væntanlegrar Náttúrustofu í SNS samþykkt með lófaklappi.

2 Skýrsla stjórnar. ÞS kynnti skýrsluna. Gerir tillögu um stofnun starfshóps um aukin verkefni frá ríki og sveitarfélögum. (ÞS: Láta skýrsluna fylgja sem viðhengi).

3 Afgreiðsla reikninga. Þorleifur kynnir reikninga. (Þuríður Sigurðardóttir tók við sem skoðunarmaður reikninga eftir að Sirrý hætti). Kostnaður við SNS þing stemmir ekki (663589 á móti 644619). Kanna þarf hvers vegna. Líklega reikningur frá Austurglugga. Þarf að skoða. Kanna ferðastyrk til GPH (OK).

4 Lagabreytingar engar

5 Kosning stjórnar. Tillaga: Ingvar formaður, Lindi og Gunnar meðstjórnendur. Samþykkt.

6 Náttúrustofuþing 2012-2013. Líflegar umræður. Fresta þingi, kjósa þriggja manna hóp til að skilgreina markhópa og koma með tillögur að aðgerðum. Setja stjórnina í þetta. Formaður starfshóps IAS. Aðgerðir fyrir 1. Des.

7 Vatnatilskipun – fulltrúi náttúrustofa Þorleifur Eiríksson gefur skýrslu. Ákveðið að Þorleifur haldi áfram og mæti á fund 9. október.

8 Fjarfundafyrirlestrar SNS. Ákvörðun flutt yfir á PR nefndina. Alla vega engir fyrirlestrar fyrir áramót.

9 Skýrsla Stjórnarráðsins: Þekkingarsetur og stoðstofnanir Þorleifur: Leið ríkisins til að setja aðeins eina tölu til sveitarfélaganna og svo geta stofnanirnar bitist um það. Skýrslan sýnir að menn eru ekki búnir að kynna sér löggin, ekki hægt án lagabreytinga. Eðli starfseminnar allt önnur. Álykta að niðurstöður skýrslunnar séu villandi. Gengur ekki á þessu stigi og náttúrustofurnar eru búnar að biðja um fund með skýrsluhöfundum og verður hann á morgun.

10 Skipun í vinnuhópa. Samþykkt að fella út á síðasta fundi.

Nefnd um samskipti við ráðuneytið. Jón Ágúst, Gunnar Þór og Lindi.

Formaður gerir það að tillögu sinni að næsta stjórn sjái um þetta. Hvað er í gangi, hvað er í farvatninu og hvað getum við gert?

Vera ekki í eftirlitshlutverki því þá útilokum við okkur frá vinnunni.

Selja ráðuneytinu hugmyndina um verkefni til stofanna.

11 Kosning skoðunarmanna reikninga. Sömu áfram.

12 Ákvörðun um árgjöld og/eða önnur framlög. 0 kr.

13 Önnur mál.

Framsaga Hornfirðinga. Hjalti.

Aðdragandi. 2004 stofnuð nefnd. Skaftárhreppur og Höfn þurftu að koma sér saman. Tókst 2006. Frestað og svo hrún. Tekið upp aftur núna. Komið í fjárlög. Fundur í ráðuneyti fljótlega. Ekki komin útfærsla.

Byggja á sérstöðunni. Eldvirkni og vatnið (jöklar, þ.m.t.).

Næstu skref að gera samning við ráðuneytið. Samstarf við okkur. Skipa stjórn, ráða starfsfólk.

Stofan verður væntanlega innan Nýheima.

Sumarferðir starfsmanna stofanna.

Geyma þar til búið er að gera upp eldri ferðir.

Skilgreina betur hvað við viljum fá út úr þessu ferðum. Betri verkefnastjórnun.

Hvað hefur komið út úr þessu? Sett yfir á PR-nefndina.

Útseld vinna stofanna, þjónusta.

Bannað að niðurgreiða, Þorleifur deildarskiptur. Setja vinnuhóp í málið. Þorleifur og Róbert.

Sameiginlegur kostnaður. Útgjöld SNS, gjaldkeri ber undir stjórn áður en greitt er út.